

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



Dags eftirlits	30.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Helguvík	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stakksbraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Ólafur Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Eyrún Guðmundsdóttir	Staðsetning	326111,902 396024,62

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Fundur

- Farið yfir frávik og athugasemdir (ábendingar) síðustu ára
 - Skýrsla um heildarlosun á mengandi efnum í frárennsli sbr. 5.2 í starfsleyfi
 - Fráveitulagnir í Helgúvíkurhöfn, undanþága UAR sbr. 2.16 í starfsleyfi
 - Ryk í útblæstri frá olíubrennara sbr. 2.9 í starfsleyfi
 - Skráningar á TVN og hitastigi hráefnis
 - Hljóð/hávaði frá verksmiðjunni – hljóðmælingar
- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
 - Áætlanir sem liggja þurfa fyrir
 - Mælingar sbr. 3.2 í starfsleyfi
 - Skráningar sbr. 3.1 í starfsleyfi
 - Gagnaskil sem starfsleyfið gerir kröfu um
 - Kvartanir á árinu
 - Umhverfismarkmið

Skoðun

- Gengið um verksmiðjuna.

Eftirlitið byrjaði á fundi með Eggerti Einarssyni og Eyrúnu Guðmundsdóttur, fulltrúum SVN í Helguvík og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun

Farið var yfir frávik frá síðasta ári.

- Fyrri frávikíð var frá kröfum í grein 5.2 í starfsleyfi. Skýrsla um heildarlosun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar barst í 4. janúar sl. og því telst þessu frávikí lokið.
- Hitt frávikíð snéri að því að fráveitulagnir uppfylltu ekki ákvæði 9. greinar reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Frárennsli opnaðist út í Helgúvíkurhöfn. Rekstraraðili hafði sótt um og fengið undanþágu ráðuneytisins frá þessu ákvæði en undanþágan rann út 31. desember 2015. Rekstraraðili sótti aftur um og fékk undanþágu ráðuneytisins 17. febrúar 2017 sem skyldi renna út við árslok 2017 ef ekki væri búið að ljúka framkvæmdum við fráveitulagnir í Helguvík og tengja Síldarvinnsluna í Helguvík inn á lögnina. Upplýsingar bárust í byrjun október um að lögnin væri tilbúin og í eftirliti nú í haust var tenging SVN í Helguvík inn á lögnina skoðuð (brunnur). Því telst þessu frávikí einnig lokið.

Eldri frávik eru frá árinu 2015:

- Ryk í útblæstri og útblásturshraði voru mæld árið 2015 og var ryk yfir starfsleyfismörkum. Ryk í útblæstri skal vera innan við 100 mg/Nm³. Mælt var á þremur stöðum, frá svartolíukatli þar sem ryk mældist 566 mg/Nm³, og frá þurrkurum 1 og 2 þar sem ryk mældist 269 mg/Nm³ og 245 mg/Nm³. Ryk í útblæstri er of mikið og telst það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Hraði útblásturslofts skal vera 20 m/s að lágmarki eða ef hraði útblásturs er minni þá getur rekstraraðili látið reikna út loftdreifingu frá skorsteini (loftdreifilíkan). Markmiðið með þessu er að sýna fram á að minni hraði hafi ekki aukin umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun skal yfirfara loftdreifilíkanið og getur samþykkt lægri útblásturshraða ef líkanið gefur tilefni til þess. Útblásturshraði var mældur á þremur stöðum og mældist 6,6 m/s, 10,2 m/s og 11 m/s. Útblásturshraði er því of lítill og telst að frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Skráningar á TVN gildum skila sér með ágætum og var gögnum vegna júlí og ágúst afhent á fundinum.

Verkfræðistofan Mannvit framkvæmdi hávaðamælingar við fiskimjölsverksmiðjuna í mars 2015. Við endurnýjun starfsleyfis (grein 3.4) var sett inn krafa um að fyrir árslok 2015 yrði hávaði við verksmiðjuna mældur. Hljóð var mælt

Þegar verksmiðjan var í gangi og mælt var á lóðamörkum hringinn í kringum verksmiðjuna. Í öllum tilvikum var hljóðstig innan þeirra marka sem sett er í reglugerð um hávaða.

Allar áætlanir sem kröfur eru um liggja fyrir hjá rekstraraðila, skráningar liggja fyrir og eru aðgengilegar og mælingar sem starfsleyfið gerir kröfu um hafa skilað sér.

Grænt bókhald barst í júní sl. en skilafrestur er 1. maí ár hvert. Þetta er skráð sem frávik frá kröfum í starfsleyfi en engin eftirfylgni verður vegna þessa.

Útstreymisbókhald barst í byrjun maí.

Bilun í búnaði verksmiðjunnar í mars sl. varð til þess að vinnsla tafðist. Verksmiðjan var keyrð á lægri afköstum dagana 9. til 16. mars þegar hráefnið kláraðist. Fjöldi kvartana barst dagana 13. til 14. mars sl. TVN mælingar sýndu að magn reikulla basa hélst innan starfsleyfismarka.

Farið var í skoðun á fráveitumálum verksmiðjunnar og tengingu á því við kerfi hafnarinnar. Gengið um hús er geymir hreinsivirki verksmiðjunnar. Eins voru olíu- og lýsisgeymar skoðaðir sem og mjölgeymslur. Unnið hefur verið að tiltekt á lóð verksmiðjunnar og málingarvinna komin vel af stað.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi	Ryk í útblæstri mælist yfir 100 mg/Nm ³ .

ákvæði 2.13 í starfsleyfi

Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Loftdreifilíkan sem heimilt er að láta fagaðila reikna út hefur ekki borist til Umhverfisstofnunar.

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi

Grænt bókhald barst of seint, eða í júní sl. Engin eftirfylgni verður út af þessu.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2017



Gottskálk Friðgeirsson